

Allsherjar- og menntamálanefnd  
Skrifstofa Alþingis  
101 Reykjavík

## **EFNI: UMSÖGN VIÐ FRUMVARP TIL LAGA UM ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARF (HLUTVERK SAMSKIPTARÁÐGJAFNA, ÖFLUN UPPLÝSINGA) 597 MÁL.**

UMFÍ tekur heilshugar undir allt það sem styrkir og bætir starf samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs og eykur öryggi iðkenda í starfinu um allt land. UMFÍ hefur lengi mælt fyrir mikilvægi þess að auka öryggi iðkenda í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi og lagt lóð sitt á vogarskálarnar til að bæta starfið.

UMFÍ hefur á vettvangi Æskulýðsvettvangsins og öðrum félagasamtökum unnið að því að bæta starfsumhverfið.

Þessu til viðbótar átti UMFÍ fulltrúa í starfshópi menntamálaráðuneytis, sem leiddi til þess að starf samskiptaráðgjafa varð til og sett á laggirnar árið 2019. UMFÍ hefur tekið virkan þátt í starfi samskiptaráðgjafa og ætíð lagt áherslu á gott starf, enda er markmið þess að bæta enn frekar öryggi iðkenda í skipulögðu starfi.

### **BETRI UPPLÝSINGAR BÆTA STARFIÐ**

Þær breytingar sem lagðar eru til við lög um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs eru til þess fallnar að flytja þekkingu á milli og auka þar með öryggi iðkenda í íþróttastarfi. Á þeim forsendum styður UMFÍ breytingarnar. Eins og í lögum um samskiptaráðgjafa er áréttað í Íþróttalögum og Æskulýðslögum að yfirmenn þeirra sem falla undir lögina og sinna íþróttastarfi barna og ungmenna undir 18 ára aldrir eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort viðkomandi einstaklingur sem sótt hefur um auglýst starf hefur hlotið dóm vegna refsisdóma vegna brota sem kveðið er á um í 1. mgr., að fengnu samþykki hans.

Afar mikilvægt er að sjálfbóðaliðar félaga falli sömuleiðis undir lögina.

Öryggi flestra er ekki tryggt nema búinn verði til vettvangur sem einfaldar hlutaðeigandi að gefa stjórnendum íþróttá- og tómstarfs leyfi fyrir uppflettingu í sakaskrá.

Það verður að gera með rafrænum hætti. Við höfum horft til þess og mælt með því í fyrri umsögnum hvernig Danir gera. Allt það sem er til þess fallið að auka öryggi barna- og ungmenna er af hinu góða.

#### **FYRIR ALLA**

Jákvætt er að sjá í frumvarpi laganna að dyr til samskiptaráðgjafa standa öllum opnar í íþróttá- félags- og æskulýðsstarfi. Þetta er mikilvægt, enda ljóst af tölulegum upplýsingum um málafjölda og aukningu þeirra á þeim tveimur árum sem samskiptaráðgjafi hefur starfað, að full þörf er á starfinu.

#### **GERUM GOTT STARF BETRA**

Við vekjum athygli á samræmdri viðbragðsáætlun fyrir íþróttá- og tómstundastarf sem kom út haustið 2022. Í vinnuhópi um gerð samræmdrar viðbragðsáætlunar sátu fulltrúar frá Bandalagi íslenskra skáta, Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ), KFUM, Landsbjörg, Sigurbjörg Sigurpálsdóttir, samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs, Æskulýðsvettvanginum og fulltrúi frá UMFÍ.

Öll félög geta nýtt sér áætlunina og einfaldar það allt utanumhaldið, sérstaklega varðar hún leiðina þegar á þarf að halda. Það skerpir á verkferlum, einfaldar boðleiðir og dregur úr líkum á að mistök verði. Skýrara skipulag eykur svo enn frekar líkurnar á að iðkandi eða einstaklingur tengdur félaginu og telur á sér brotið með einhverjum hætti fái lausn sinna mála. Það er hagur viðkomandi einstaklings, félagsins og samfélags þeirra.

#### **SAMAN ERUM VIÐ ÖLL BETRI**

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 27 talsins sem skiptast í 22 íþróttahéruð og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 480 félög innan UMFÍ. Stór meirihluti félagsmanna eru börn og ungmenni og því lykilatriði að tryggja öryggi þeirra. Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

UMFÍ leggur til að þetta verði samþykkt.

Með ungmennafélagskveðju,

Auður Inga Þorsteinsdóttir

Auður Inga Þorsteinsdóttir

framkvæmdastjóri UMFÍ